

Útiskólar

Hvað er útikennsla, útinám og útiskóli?

Hugmyndin um útiskóla er ný í skólakerfi nútímans. Fjöldinn allur af bókum hafa komið út á síðustu árum um útikennslu og útinám en hugmyndin er fjarri því að vera ný af nálinni.

Hugmyndafræði útikennslu er hægt að rekja langt aftur í tímann til samfélaga þegar unnið var með vanþróuð áhöld og takmarkaðan efnivið. Slík samfélög kröfðust meiri útsjónarsemi og líkamlegrar áreynslu en hún samfélag okkar gerir í dag. Ungir lærðu af þeim sem eldri voru með því að fylgjast með en ekki síður með því að reyna sjálfir og vinna við hlið þeirra. Börn lærðu iðn foreldra sinna og þegar þeirri lækni var náð var nemandinn fullnuma. Í dag er viðhorfið annað. Þegar við notum útikennslu í dag er markmið okkar að auka heilbrigði nemenda og virkni auk þess sem nemendum gefast margvísleg tækifæri til að bæta færni og almennan námsárangur (Ann-Helen Odberg, 2010, bls.59).

Í þessari ritgerð nota ég hugtakið útikennsla yfir alla menntun sem fer fram utanhúss hvort sem um er að ræða kennslu þéttbýli eða dreifbýli, villtri náttúru eða í manngerðu umhverfi.

Útinám er að sama skapi það nám sem fer fram utanhúss t.d. á skólalóðinni, í útistofu eða í nánasta umhverfi skólans (Ann-Helen Odberg, 2010, bls.59-60). Sumir hafa skilgreint þetta hugtak aðeins víðara og telja til útináms það nám sem fer fram innan annrarra veggja en skólans eins og t.d. á söfnum. Ég hef ákveðið að þrengja skilgreiningu mína á þann hátt sem ég gert grein fyrir hér að ofan en þó er mikilvægt að hafa í huga að aðrar skilgreiningar á hugtakinu eru vissulega fyrir hendi. Í útinámi lærir nemandinn getur af kennaranum, samnemendum eða viðfangsefnum. Einnig læra nemendur oft eitthvað annað en kennarinn lagði upp með þar sem mismunandi áhugi grípur hvern og einn (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014, bls. 15). Þessi áhersla á nám í víðu samhengi er mikilvægt í nútímaskólastarfi en þó ekki síður mikilvægt í útináminu þar sem rýmið býður upp á fleiri möguleika en þegar lært er innanhúss.

Hægt er að tala um útiskóla þegar kennslan, eða hluti hennar, er reglulega flutt út fyrir vegg skólans. Hægt er að nota allt nánasta umhverfi skólans en einnig er hægt að koma upp sérstöku svæði fyrir útikennslu. Nemendur taka þátt í skipulagningunni og glíma við ýmiskonar verkefni og í þeim verkefnum hafa nemendur og kennarar byggt upp úitkennslusvæði sem henta markmiðum útiskólans. Útiskólasvæði eru eðli málsins samkvæmt því mjög ólík en þar er þó oft að finna t.d. eldstæði eða einhverskonar skýli eða bekki úr efni í náttúrunni. Að kenna úti í náttúrunni er mikilvæg viðbót við hefðbundið nám og getur þegar best lætur komið í staðinn fyrir það sem við köllum hefðbundið skólastarf. Þar skiptir áhugi

starfsmanna sköpun og vilji þeirra til að nálgast ný verkefni og fylgja nemendum sínum í námsferli sem bjóða upp á nýjar nálganir, óvæntar uppákomur og óhefðbundin vinnubrögð.

Helstu kostir útikennslu eru að bæði nemendur og kennarar eru úti í ferska loftinu og fá yfirleitt mikla hreyfingu. Kennslan snýst mikið um reynslu nemendanna þar sem byggt er á þeirri forsendu að best sé að læra með því að gera sjálfur. Útikennsla hentar öllum því námið fer fram á forsendum nemenda með stuðningi kennara. Hægt er að nota flestar kennsluaðferðir og kenna flestar námsgreinar þannig að nemendur njóti sín. Auðvelt er að samþætta námsgreinar þar sem meira samhengi er í athöfnum þegar nemendur læra um t.d. náttúruna, samfélagið og raunveruleikann í náttúrunni, samfélaginu og raunveruleikanum (Ann-Helen Odberg, 2010, bls. 60).

Útikennsla er góð kennsluaðferð þar sem nemendur fá tilbreytingu í námið með því að skreppa út fyrir vegg skólans og nýta aðrar aðferðir til náms einnig tala kennarar um það að auðveldara sé að ná til nemendanna úti í náttúrunni heldur en inni í skólastofunni. Allir hafa gott af útiveru og svo virðist sem börn í dag séu frekar lítið úti og því telja sumir kennarar að útikennsla sé mikilvægari núna en nokkru sinni fyrr. Útikennsla er ekki bara góð fyrir nemendurna því kennararnir hafa vissulega gott af henni líka og kennara geta nýtt færni sína á fleiri sviðum en í skólastofunni (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014, bls. 24). Þessu er ég alveg sammála því kennarar eru eins og annað fólk með áhuga á mismunandi hlutum. Kennari sem hefur áhuga á fuglum eða blómum smitar þekkingu sinni til nemenda þegar hann bendir þeim á Hrossagauk eða Gleymmérei og segir frá sérstöðu þeirra. Aðrir gætu haft áhuga á útilífi eða útilegum og kennt einhverjum hvernig best er að kveikja eld og hvaða viður brennur best. Ég tel að auðveldast sé að kenna eitthvað sem maður hefur mikinn áhuga á því þá er auðveldara að kveikja áhuga hjá nemendum.

Útikennsla er hluti af námskrá margra landa og hefur aukin áhersla verið lögð á útikennslu og útinám í Aðalnámskrá bæði leik- og grunnskóla. Aðalnámskráin sem gefin var út 2011 setur fram breyttar áherslur þar sem m.a. eru gerðar auknar kröfum um tengsl nám og kennslu við nærsamfélagið. Í grunnþáttum menntunar sem komu inn í námskránni 2011 þar sem sköpun, umhverfislæsi, heilbrigði og sjálfbærni. Grunnþættirnir eiga að hafa áhrif á efnisval og inntak náms, kennslu og leiks og þeir eiga að endurspeglanast í öllum starfsháttum skóla.

Útiskóli í Álfaborg/Valsárskóla

Í Álfaborg/Valsárskóla, nýsameinuðum leik- og grunnskóla á Svalbarðsströnd, fara tveir elstu árgangar leikskólans í útiskóla með tveimur yngstu árgöngum grunnskólans ásamt kennurum frá báðum stigum. Farið er út einu sinni í viku í tvær klukkustundir. Þessi samvinna skólastiga hófst árið 2008 og hefur breyst nokkuð. Í byrjun voru tímarnir mikið skipulagðir og kennaramiðaðir en í dag er lýðræðinu gert hátt undir höfði og ýtt undir stjálfsraust nemendanna. Þeir læra um náttúruna, háttarlag hennar og nánasta umhverfi sitt. Þessi samvinna gengur mjög vel og græða sérstaklega elstu börn leikskólans á henni auk grunnskólakennarans þar sem mikilvæg kynni eiga sér stað. Börnin þekkja kennarann sinn þegar þau byrja í 1. bekk og kennarinn þekkir börnin og þarfir þeirra. Aðlögun á milli þessara skólastiga er því yfirleitt átakalaus.

Nágrenni Álfaborgar/Valsárskóla er mjög fjölbreytt því þar er fjara, skógarreitir með eldstæðum, þorp og sveitabæi svo eitthvað sé nefnt. Árstíðirnar og veðrið er sífelld uppspretta viðfangsefna. Leitast hefur verið við að fara í útiskólann sama hvernig veðrið er. Reynslan hefur sýnt að upplifun í slæmu veðri er það sem börnin muna eftir og læra hvað mest af. Ekkert veður er svo slæmt að ekki sé hægt að fara út í að minnsta kosti smá stund. Börnin læra t.d. hvernig best sé að klæða sig eftir veðri, finna út hvar sé líklegast að finna skjól eða hvernig best sé að komast áfram í slagviðri.

Eitt stærsta verkefnið sem Útiskólinn hefur tekið að sér á hverju vori frá byrjun er að gerast *verndarar fjörunnar*. Þá er fjaran hreinsuð frá vitanum í suðri og að Hamrinum í norðri. Þetta er frekar stórt verkefni og tekur marga útiskólatíma. Meginmarkmið verkefninsin er að fá börnin til að taka eftir og ræða atriði í umhverfinu sínu ásamt því að sýna náttúrunni og umhverfi sínu alúð.

Fjaran er gengin og smárusl sett í poka og tekið með í skólana en stærra rusl er sett í hrúgur við veginn og starfsmaður hreppsins kemur svo í lokin á bíl með kerru svo hægt sé að fjarlægja hrúgurnar og flokka í viðeigandi gám á gámasvæði hreppsins. Síðasta vor voru borin heim 30 kg af smárusli.

Í verkefninu er samræðuaðferð mikið beitt og markmið aðalnámskrá eru krufin til að nálgast þekkingu og upplifun nemenda. Krakkarnir velta fyrir sér hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra. Hver getur sótt ruslið sem þau tína og hvaðan það kemur.

Mikið er rætt um samfélagslega ábyrgð og mikilvægi þess að krakkarnir og skólinn láti sig varða nánasta umhverfi varða. Þó ruslið geti verið frá öðru fólki og jafnvel öðrum bæjarfélaögum eða löndum þá getur það auðveldlega verið á okkar ábyrgð að hreinsa til og geta umhverfi okkar notalegt. Mikið er einnig fjallað um lífríki fjörunnar í verkefninu og hvernig rusl og umgengni mótar lífsskilyrði þeirra. Þá hafa komið upp umræðuefni þar sem í ljós hefur komið að lífverur nýta sér ruslið til búsetu eða ætis og því þarf að velja fyrir sér ýmsum siðferðilegum álitamálum um rusl og umgengni almennt. Í þessu verkefni læra börnin meðal annars hversu slæmt það er fyrir fugla og lífríkið í hafinu að henda rusli út í náttúrunni og þau verða ábyrðarríkari gagnvart samfélaginu okkar (Dýrleif Skjöldal, 2015),(Dýrleif Skjöldal, 2016).

Í útiskólanum gefst mjög gott tækifæri til að koma stuðla að nýsköpn og skapandi hugsun með því að komið auga á þarfir og vandamál í umhverfinu. Fjarnan og sjórinn gefur og tekur og í raun er fjaran hættulegur staður að vera á þó hún sé skemmtileg og notaleg í góðu veðri. Þá er öryggisatriðum velt fyrir sér og hvernig best sé að fyrirbyggja slys og óhöpp. Við höfum þá tengt umfjöllunarefnið til eldri tíma þar sem öryggi var mun minna en það er í dag.

Í útiskólanum og þá sérstaklega verkefninu um Verndara fjörunnar fá börnin að gera sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana. Við sækjum ýmiskonar sjávarfang í sjóinn en þó getum við líka verð svo lítills megnuð gagnvart þeim ógnaröflum sem leynast í sjónum. Sögulega átti fólk líf og dauða undir sjónum og enn í dag er lífsafkoma okkar nátengd honum þó það sé ekki öllu nútímafólki ljós.

Í urvinnslu verkefna er lögð áherslu á að tengja daglegt líf við verkefnin og börnin eru hvött til að gera stuttar athuganir á því sem fyrir augu ber. Kennararnir eru sífellt vakandi fyrir því að draga þekkingu þeirra áfram frá þeirra eigin vangaveltum og þannig skapast mjög góðar samræður og aðstæður þar sem hver lærir af öðrum. Til að upplifnu af verkefninu verði sem mest lifandi í hugum nemenda hafa kennarar lagt mikla áherslu á að skrá atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.

Verkefnið byggir á sameiginlegri vinnu í aðalnámskrá og í grunnskólanum eru markmiðin rædd og mat fer fram á foreldradögum. Þannig eru foreldrar líka meðvitaðir um markmið og leiðir í verkefninum og kennararnir nýta þannig tækifærið til að tengja næramfélagið enn frekar við verkefnið.

Krakkarnir í útiskólanum láta sig einnig varða almennt umhverfi sitt. Í fyrra sendu þau bréf til bæjaryfirvalda þar sem þau óskuðu eftir göngustíg og brú á svæði þar sem þau töldu að

ýmislegt mætti betur fara. Þannig hefur farið fram mikil lýðræðiskennsla og í tengslum við það verkefni kynntu nemendur útiskólans sér stjórnkerfi bæjarins og afdrif þeirra mála sem fólk ber upp við bæjaryfirvöld.

Útiskólanum í Álfaborg/Valsárskóla er ekkert óviðkomandi og verkefnið sem hafa verið tekin fyrir á þeim tíma sem útiskólinn hefur starfað eru óþrjótandi. Stefnt er að því að útiskólinn nái alla leið upp á unglingastig en núþegar eru útiskóli í skólanum upp í 7. Bekk.

Áherslurnar breytast talsvert með aldri nemenda. Í elstu bekkjunum hefur útiskólinn verið mikið tengdur íþróttum og lengri ferðum þar sem meira reynir á nemdum. Farið hefur verið í útlægur og lengri gönguferðir þar sem nemendur hafa fengið kennslu í notkun helstu áhalda og tækja í útileguferðum.

Á miðstiginu hafa leikir og styttri ferðir verið meira áberandi.

Mat og niðurlag

Í utikennslu nemenda á eldra stigi hefur nokkuð borið á því að stundaskrá kennara eða vinnurammi henti ekki náminu. Það er þó mikilvægt að útiskólanum sé gert það hátt undir höfði að reynt sé að leysa slík vandamál með jákvæðini að leiðarljósi. Mikil vinna hefur farið í það í grunnskólanum að tengja hæfnimarkmið Aðaðnámskrár við útiskólann þannig að kennarar sjái betur hvernig útiskólinn styður við aðrar námsgreinar og dýpkar aðra þætti kennslunnar.

Að mínu mati er útiskóli það sem koma skal og því þyrfti að gera þeim aðferðum ennþá hærra undir höfði í námskrá. Einnig er mikilvægt að stefna skóli styðji við hugmyndafræðina á þann hátt að útiskólinn verði eðlilegur hluti af námi allra nemda.

Heimildaskrá:

Ann-Helen Odberg. (2010). *Handbók um hreyfingu*. Sótt af

http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item12220/handbok-um-hreyfingu_net_allt.pdf

Dýrleif Skjöldal. (2015). Útiskólinn og skólafestirna KÍ. *Skólavardan, maí 2015*(4). Sótt af

http://ki.is/images/Skrar/KI/Skolavardan/2015/skolavardan_4_tbl_2015.pdf

Dýrleif Skjöldal. (2016, 26. maí). Útiskólinn á Svalbarðsströnd. *Akureyri vikublað*, bls. 4

Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir. (2014). *Útikennsla og útinám í grunnskólum*.

Forlagið, Reykjavík.